



Öldungaráð Hafnarfjarðar

2. Stjórnarfundur haldinn þriðjudag 6.júní 2017 kl 16:00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Guðmundur Fylkisson, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

1. Elísabet formaður sendi bréf frá 5.apríl 2016 til Bæjarstjóra, Bæjarráðs og formanns Fjölskylduráðs og ítrekaði að ráðast þyrfti í aðgerðir vegna búsetuúrræða aldraðra.

Bókun:

Bæjaryfirvöld leiti leiða til byggingar þjónustuíbúða í líkingu við þær íbúðir sem eru á Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1-3 og það verði byrjað að huga að því strax.

Hjallabraut 33 og Sólvangsvegur 1-3 voru byggðar af verktökum, það mætti t.d. bjóða lóðir á lægra verði til aðila sem tækju þessi verkefni að sér. Það gæti stuðlað að hóflegri verði sbr. samkomulag stjórnvalda við bæjarfélög á Höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustuíbúðir sem góður valkostur fyrir eldri borgara hafa ekki verið reistar í bæjarfélaginu í rúm 20 ár.

Hafnarfjörður er vaxandi bæjarfélag. Þar hafa ný íbúðahverfi risið, skólar byggðir sem og leikskólar til að koma til móts við þarfir íbúa. Hjúkrunarheimilið Sólvangur mun að öllum líkindum taka á sig ferskari mynd á næsta ári og er það vel.

2. Umræða um mötuneyti og gæði þess matar sem framreiddur er.

Bókun:

Vegna langvarandi óánægju og kvartana eldri borgara í Hafnarfirði á aðkeyptum mat Hafnarfjarðarbæjar frá fyrirtækinu ISS vill Öldungaráð Hafnarfjarðar koma eftirfarandi á framfæri.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir og loforð um endurbætur á matnum, hefur fyrirtækinu ekki tekist að koma til móts við væntingar og þarfir þeirra eldri borgara sem hér eiga í hlut.

Öldungaráð Hafnarfjarðar fer því fram á að samningi við áðurnefnt fyrirtæki verði sagt upp.

3. Vegna umræðu um hlutverk og tilgang Öldungaráðs Hafnarfjarðar er óskað eftir því að:

Öldungaráð hafi fundarsetu einu sinni í mánuði í Fjölskylduráði og að öldungaráðið verði tekið undir stjórnsýsluna.

Á mánaðarlegum fundum verði tekin upp og rædd þau mál sem brýnust eru hverju sinni og ráðið sé upplýst um þau mál sem varða eldri borgara bæjarins.

Hnykkt verði á því hlutverki ráðsins að vera tengiliður eldri borgara og bæjaryfirvalda og lokið verði endurskoðun á reglum um Öldungaráð Hafnarfjarðar sem eru óbreyttar frá upphafi.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðmundsdóttir